

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 föstudaginn 24. maí 2013

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Ólafur Baldursson ritari, Ragnar Marteinnsson, Ingi Þór Ágústsson, Málfríður Sigurhansdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Jónas Tryggvason, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Forföll: Jón Oddur Sigurðsson

Fundur settur kl. 18:00

1. Heimasíða SSÍ og önnur gögn sem liggja fyrir og farið yfir stöðu mála.

- Stjórnarmenn þurfa að kynna sér nýja síðu SSÍ og hvernig við ætlum að nýta okkur möguleika hennar
- Vörumerkjastaðlar SSÍ
- Fræðslubæklingar
- Stefna SSÍ og Handbók
- Lög ÍSÍ og önnur gögn íþróttahreyfingarinnar

2. Afrekssjóður og samskipti við ÍSÍ – formaður gerir grein fyrir

- Ekki hefur gengið að fá fund með ÍSÍ vegna afreksstyrkja
- Ekki allir með sömu sýn innan ÍSÍ um Afrekssjóð
- Einstaklingsstyrkir eiga ekki að vera jöfnunarsjóðir
- Flækir málin þegar styrkir fást frá öðrum fyrir aðra en þá sem eru á Afreksstyrk
- SSÍ þarf að setja sér verklagsreglur um nýtingu styrkja, þar sem styrkir Afrekssjóðs eru styrkir til SSÍ en ekki til einstaklinga
- Ekki allir stjórnarmenn SSÍ sammála um hvernig beri að túlka fyrirmæli ÍSÍ um nýtingu styrkja Afrekssjóðs
- Fram kemur hugmynd um að þróa svokallaða gulrótarstyrki
- Höfum fordæmi fyrir slíkum styrkjum á hinum norðurlöndunum
- Styrkumsóknir SSÍ byggjast á væntingum um árangur, en ekki eingöngu árangri sem þegar hefur skilað sér
- Mikilvægt að styrkféð skili sér til sundfólksins
- Vantar að klára samninga við ÍSÍ og sundfólk

3. Ábyrgð stjórnar

- a. Hvaða ábyrgð viljum við taka
- b. Hvaða væntingar höfum við til starfa okkar
- c. Hvernig gengur að virkja nefndir SSÍ
- d. Nauðsynlegt að setja allar nefndir SSÍ í virkni
- e. Mjög gott að starfandi þjálfarar hafi áhuga á því sem SSÍ er að gera

4. Skipting verka á vinnudegi

- a. Yfirfara texta um nefndir í lögum reglum, setja upp verkferla og farveg verkefna – Karen, Ingibjörg Kr og Ingi Þór

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 föstudaginn 24. maí 2013

- b. Verkefnalistar, mótamál, fræðsla dómara og annars starfsfólks, stilla saman Íslandsmót við Landsliðsverkefni – Ólafur, Emil og Ingibjörg Kr
- c. Útbreiðsla, fjáröflun, menntun – Hlín, Jónas og Ingibjörg Helga
- d. Afreksmál og afreksstyrkir – Lóa Birna, Málfríður, Ragnar og Hörður

Við tók vinnufundur stjórnar sem stóð fram á kvöld og var framhaldið milli 09:00 og 14:30 laugardaginn 25. maí.

Niðurstöður þess fundar verða grunnur að verkefnum SSÍ næsta sundár.